

Frá Skákdeild Fjölnis:

Skáklög SÍ:

Í dag:

6. grein.

Styðjast skal við mótareglur FIDE (Fide Tournament Rules) varðandi aðstæður í keppnissal og aðbúnað keppenda í landsliðsflokki. Nánari leiðbeiningar eru í sérstakri reglugerð.

Tillaga 1: Breytist í: Styðjast skal við reglur FIDE *um mikilvæg skákmót (sjá FIDE handbook 01. Recommendations for Organization of Top-level Tournaments)* varðandi aðstæður í keppnissal og aðbúnað keppenda í landsliðsflokki. Nánari leiðbeiningar eru í sérstakri reglugerð.

Rök: landsliðsflokkur er mót sem verðskuldar umgjörð í heimsklassa. Nú þegar Ísland heldur heimsklassa mót eins og EM landsliða rétti tíminn fyrir þessa breytingu.

Hægt er að lesa nánar um þessar reglur hér: <http://www.fide.com/fide/handbook.html?id=15&view=category>

Tillaga 2: Breytist í: Styðjast skal við reglur FIDE *um mikilvæg skákmót (sjá FIDE handbook 01. Recommendations for Organization of Top-level Tournaments)* varðandi aðstæður í keppnissal og aðbúnað keppenda í landsliðsflokki. Nánari leiðbeiningar eru í sérstakri reglugerð. *Einnig skal tekið mið af kafla 5 í reglum um þýsku Bundesliguna sem fjallar um aðstæður í keppnissal (Ausrichtung).*

Rök: Þjóðverjarnir fjalla í sínum reglum um ýmis atriði s.s. að hugað sé að plássu fyrir áhorfendur í uppsetningu á sal. Fjölmargir heimsmeistarar hafa teft reglulega í þýsku Bundesligunni og hún er þekkt fyrir óaðfinnanlegar aðstæður á skákstað fyrir bæði áhorfendur og keppendur.

Hægt að lesa um þýsku reglurnar hér:

http://www.schachbundesliga.de/pics/download/1_1254954505/SchachBLeV_Turnierordnung_Stand_15062013.pdf

Í dag:

15. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands skal skipa landsliðsainvald bæði í opnum flokki og í kvennaflokki. Landsliðsainvaldarnir

skulu annast val á landsliði Íslands í skák hverju sinni.

Skákmeistari Íslands og Íslandsmeistari kvenna skulu ávallt eiga sæti í landsliði Íslands. Skákmeistari Íslands í opnum flokki skal hafa rétt til að tefla fyrir Íslands hönd í undankeppni heimsmeistaramóta (nú EM einstaklinga). Að öðru leyti hafa landsliðseinvaldar frjálsar hendur um val á keppendum og taka á því fulla ábyrgð í samræmi við gildandi keppnis- og agareglur SÍ. Stjórn SÍ skal veita landsliðseinvöldum viðeigandi stuðning í þeirra störfum.

Stjórn S.Í. skal tryggja að skákmenn, sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slík mót á vegum S.Í., fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum. Yfirumsjón og skipulagning þessarar þjálfunar er í höndum landsliðseinvalda.

Breytist í:

15. grein.

Stjórn Skáksambands Íslands skal skipa landsliðseinvald bæði í opnum flokki og í kvennaflokki. Landsliðseinvaldarnir skulu annast val á landsliði Íslands í skák hverju sinni.

Skákmeistari Íslands og Íslandsmeistari kvenna skulu ávallt eiga sæti í landsliði Íslands. Skákmeistari Íslands í opnum flokki skal hafa rétt til að tefla fyrir Íslands hönd í undankeppni heimsmeistaramóta (nú EM einstaklinga), *sem og stigahæsti virki skákmaður landsins í opnum flokki*. Að öðru leyti hafa landsliðseinvaldar frjálsar hendur um val á keppendum og taka á því fulla ábyrgð í samræmi við gildandi keppnis- og agareglur SÍ. Stjórn SÍ skal veita landsliðseinvöldum viðeigandi stuðning í þeirra störfum.

Stjórn S.Í. skal tryggja að skákmenn, sem tefla fyrir Íslands hönd í einstaklings- eða liðakeppni og eru sendir á slík mót á vegum S.Í., fái viðeigandi þjálfun hjá færum þjálfara eða þjálfurum. Yfirumsjón og skipulagning þessarar þjálfunar er í höndum landsliðseinvalda.

Rök:

Árangur Hannesar Hlífars Stefánssonar sýndi að okkar menn eiga fullt erindi í opna flokkinn. Það eru mun fleiri atvinnumenn í skák í opnum flokki heldur en í kvennaflokki og eðlilegt að fleiri séu sendir í opnum flokki.

Lög SÍ

Í dag:

13. grein.

Brot á lögum og reglum Skáksambandsins, svo og framkoma sem andstæð er almennu velsæmi og sönnum íþróttanda, eins og að hætta án gildra skýringa í skákmóti, hafa uppi svigurmæli um skákfélaga og annað þessu líkt, getur varðað refsingu annað hvort áminningu eða banni við keppni í einstöku móti eða mótum í tiltekinn tíma. Áfengisnotkun er bönnuð hjá þeim fulltrúum eða styrkþegum sem SÍ sendir á mót erlendis. Áfengisbannið varir á meðan á mótunum stendur. Einnig gildir þetta áfengisbann í Landsliðsflokki SÞÍ. Dómstóll Skáksambands Íslands skal hafa fullnaðarúrskurðarvald um viðlög við brotum á ákvæði þessu. S.Í. skal í samráði við dómsstólinn setja reglugerð um störf og valdsvið dómsstólsins.

Breytist í:

13. grein.

Brot á lögum og reglum Skáksambandsins, svo og framkoma sem andstæð er almennu velsæmi og sönnum íþróttanda, eins og að hætta án gildra skýringa í skákmóti, hafa uppi svigurmæli um skákfélaga og annað þessu líkt, getur varðað refsingu annað hvort áminningu eða banni við keppni í einstöku móti eða mótum í tiltekinn tíma. *Um störf Skáksambands Íslands gilda siðareglur*. Áfengisnotkun er bönnuð hjá þeim fulltrúum eða styrkþegum sem SÍ sendir á mót erlendis. Áfengisbannið varir á meðan á mótunum stendur. Einnig gildir þetta áfengisbann í Landsliðsflokki SÞÍ.

Dómstóll Skáksambands Íslands skal hafa fullnaðarúrskurðarvald um viðlög við brotum á ákvæði þessu. S.Í. skal í samráði við dómstólinn setja reglugerð um störf og valdsvið dómstólsins.

Tillaga um siðareglur. Fengið að láni úr Siðareglum ÍSÍ

Siðareglur Skáksambands Íslands

Gildissvið

Siðareglur þessar eiga við um alla kjörna aðila og starfsmenn SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS og sambandsaðila.. Kynntu þér og tileinkaðu þær siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspegla viðhorf þitt til grundvallarreglna og markmiða íþrótta- og Ólympíuhreyfingarinnar.

Siðareglur

1. Forðastu að upp komi sérhver sú staða sem leitt getur til hagsmunaárekstra.
2. Vertu hlutlaus í samskiptum þínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök sem og önnur sambönd eða hópa í samræmi við grundvallarhugsjónir íþróttahreyfingarinnar.
3. Gættu þess að misbjóða ekki virðingu einstaklinga eða hópi einstaklinga t.d. hvað varðar kynferði, þjóðerni, kynþátt, litarhaft, menningu, tungumál, trúarbrögð, kynhneigð og stjórnmálaskoðanir.
4. Tryggðu að persónuleg réttindi þeirra aðila sem þú ert í sambandi við og átt í samskiptum við séu varin, virt og tryggð.
5. Gerðu þér grein fyrir trúnaðarskyldum við störf.
6. Taktu ekki við gjöfum og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Gefðu heldur ekki gjafir og þess háttar ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist.
7. Þiggðu aldrei mútur.
8. Taktu aldrei við umboðslaunum eða loforðum um umboðslaun, fyrir hvers konar samningagerð við skyldustörf.
9. Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar viðburðum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.

Siðanefnd SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS

1. Siðanefnd SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS skal skipuð þremur fulltrúum, sem kosnir eru á aðalfundi SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS.
2. Siðanefnd SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS úrskurðar í málum sem falla undir ákvæði siðareglna SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS.
3. Siðanefnd SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS tekur einungis gildar kærur sem berast frá framkvæmdastjórn SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS eða stjórnnum aðildarfélaga. Stjórnnum aðildarfélaga er jafnframt heimilt að koma á framfæri ábendingum um brot á reglunum til þessara sömu aðila.
4. Siðanefnd SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS getur beitt áminningu eða ávítum ásamt öðrum þeim viðurlögum sem lög og reglugerðir SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS tiltaka og heimila. Siðanefnd getur einnig beint tilmælum til sambandsaðila um úrræði.
5. Ákvörðun siðanefndar sætir ekki málskoti.

6. Siðanefnd setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af framkvæmdastjórn SKÁKSAMBANDS ÍSLANDS.

Hegðunarviðmið íþrótta- og Ólympíusambands Íslands

Fyrir iðkendur

1. Gerðu alltaf þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
2. Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
3. Taktu þátt af því að það er gaman, ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
4. Berðu virðingu, bæði fyrir sam- og mótherjum.
5. Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
6. Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig .
7. Gerðu þér grein fyrir því að þú ert fyrirmynd þeirra sem yngri eru.

Fyrir þjálfara

1. Vertu iðkendum þínum góð fyrirmynd og spornaðu gegn óíþróttamannslegri og niðurlægjandi hegðun.
2. Skapaðu möguleika fyrir iðkendur til að þroska og nýta hæfileika sína og gættu þess að æfingar hæfi aldri og þroska.
3. Sýndu íþróttinni virðingu og virtu reglur hennar, venjur og siði. Stuðlaðu að því að iðkendur geri slíkt hið sama og kenndu þeim að virða dómara og keppinauta.
4. Hrósaðu iðkendum og taktu tillit til aldurs og þroska.
5. Komdu eins fram við alla iðkendur og líttu meira til færni en árangurs.
6. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald með kynferðislegum tilburðum eða með öðrum hætti.
7. Sæktu reglulega endurmenntun.
8. Leggðu þitt að mörkum til að skapa gott andrúmsloft og félagsleg tengsl.
9. Sýndu meiðslum og veikindum iðkenda tillitssemi.

Fyrir stjórnarmenn og starfsmenn

1. Stattu vörð um grunngildi íþróttahreyfingarinnar.
2. Stuðlaðu að jöfnum tækifærum allra til þátttöku í íþróttum.
3. Stuðlaðu að því að sameiginlegum markmiðum íþrótta verði náð.
4. Stuðlaðu að því að formlegum og siðferðislegum reglum og venjum sé fylgt.
5. Virtu lýðræðisreglur og gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnaðu samkvæmt reglum um ábyrga fjármálastjórn.

6. Vertu til fyrirmyndar í framkomu.

7. Leystu ágreining og árekstra á sanngjarnan hátt og til samræmis við reglur og venjur hreyfingarinnar.

8. Misnotaðu aldrei aðstöðu þína til að koma eigin hagsmunum á framfæri á kostnað íþróttahreyfingarinnar.

Fyrir foreldra og forráðamenn

1. Mundu að barnið þitt tekur þátt sín vegna, ekki þín vegna.

2. Hvettu barnið til þátttöku í íþróttum en ekki þvinga það.

3. Útskýrðu fyrir barninu að starfið fari fram eftir ákveðnum reglum og kenndu því að leysa úr ágreiningi.

4. Styddu og hvettu öll börnin, ekki bara þitt eigið.

5. Sýndu jákvæðni, líka þegar á móti blæs.

6. Berðu virðingu fyrir ákvörðunum dómara og annarra starfsmanna.

7. Berðu virðingu fyrir réttindum barna, aðlögun og manngildum - hvert barn er einstakt og þarfnast virðingar þinnar.

8. Upplýstu um stríðni og/eða áreitni.

Fyrir dómara

1. Mismunaðu ekki aðilum.

2. Settu öryggi og heilsu iðkandans fram yfir allt annað.

3. Sýndu iðkendum, þjálfurum og öðrum sem koma að íþróttinni virðingu.

4. Taktu ávallt ábyrgð á ákvörðunum þínum.

5. Leitaðu þekkingar og fylgstu með þróun íþróttarinnar.

6. Forðastu notkun niðrandi ummæla, upphrópana og blótsyrða í tengslum við íþróttir.

7. Komdu eins fram við alla iðkendur, óháð kyni, kynhneigð, þjóðerni og pólitískum eða trúarlegum skoðunum.

8. Misnotaðu aldrei stöðu þína sem dómari.